

ÁKVÖRÐUN nr. 182**frá 13. desember 2000****um ákvörðun sameiginlegs ramma um gagnaöflun vegna uppgjörðs lífeyriskrafna****(Texti sem varðar EES)**

(2001/655/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANÐLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af d-lið 81. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkjanna með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti til nútímahorfs, einkum með því að laga upplýsingaflæði milli stofnana að gagnaflutningi og skal höfð hliðsjón af þróun gagnavinnslu í hverju aðildarríki. Meginmarkmiðið er að flýta fyrir greiðslu bóta,

með hliðsjón af 117. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið, á grundvelli rannsókna og tillagna tækninefndarinnar, laga að nýrri gagnavinnslutækni eyðublöð fyrir vottorð, staðfestar yfirlýsingar, yfirlýsingar, umsóknir og önnur skjöl, svo og boðleiðir og aðferðir til gagnasendingar eins og þarf til að unnt sé að beita reglugerðinni og framkvæmdarreglugerðinni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að aðstoða framkvæmdaráðið við að meta að hve miklu leyti starf tækninefndarinnar stuðlar að því að flýta fyrir greiðslu bóta er rétt að veita bæði tölulegar og efnislegar grunnupplýsingar.
- 2) Upplýsingarnar, sem eru fyrir hendi í hinum ýmsu aðildarríkjum, eru mjög sundurleitar og gera því samanburð erfiðan, en öflun hagskýrslugagna ætti ekki að kosta aðildarríkin mikla eða óþarfa fyrirhöfn.
- 3) Því er ætlunin að safna mikilvægum grunnupplýsingum um meðferð og uppgjör ellilífeyriskrafna til að bæta þekkingu á ástandinu í hverju aðildarríki, einkum að því er varðar hvar helstu flöskuhálsarnir leynast í kerfi og málsmeðferð hvers aðildarríkis, að skiptast á upplýsingum um bestu framkvæmd og að leita hugmynda um hvernig stytta megi þann tíma, sem meðferð krafna tekur, og setja skýrar viðmiðanir sem hvert aðildarríki gæti miðað sína frammistöðu við.
- 4) Því er rétt að setja víðan, sameiginlegan ramma um gagnaöflun vegna uppgjörðs lífeyriskrafna og skulu þar til bær yfirvöld gefa innlendum stofnunum nákvæmari leiðbeiningar í því skyni.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Þar til bærar stofnanir aðildarríkjanna (eða tilnefndar, þar til bærar stofnanir ef um er að ræða fleiri en eina í aðildarríki) skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öflun og dreifingu gagnanna sem tilgreind eru í 6. lið.

2. Gögnin skulu lögð fyrir tækninefndina, sem kveðið er á um í c-lið 117. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, í maí og nóvember ár hvert.
3. Samræming gagnaöflunar skal falin skrifstofu tækninefndarinnar og skulu gögnin, að fengnu samþykki tækninefndarinnar, fylgja sem viðauki við framvinduskýrslu þá sem tækninefndin leggur fyrir framkvæmdaráðið tvisvar á ári.
4. Gögnin, sem safnað er, skulu, a.m.k. í byrjun, aðeins varða ellilífeyri þar sem kröfuhafi er búsettur í öðru aðildarríki og í þeim skulu eftirfarandi atriði koma fram:
 - a) **viðbragðstími umsagnarstofnunar í aðildarríki þar sem viðkomandi er búsettur** (þ.e. sá tími sem það tekur umsagnarstofnun að tilkynna þar til bærri stofnun að lífeyriskrafa hafi verið gerð á hendur síðarnefndu stofnuninni). Í þessari ákvörðun merkir „umsagnarstofnun“ stofnun í aðildarríki, þar sem kröfuhafi er búsettur, sem sér um að fylla út E 202-eyðublað en „þar til bær stofnun“ merkir stofnun í aðildarríki sem fær útfyllt E 202-eyðublað í hendur og sér um viðeigandi meðferð kröfnunar;
 - b) **tíminn sem meðferð kröfu tekur hjá þar til bærri stofnun** (þ.e. sá tími sem það tekur þar til bæra stofnun að komast að endanlegri ákvörðun);
 - c) **heildartími sem meðferð kröfu tekur hjá aðildarríkjunum tveimur sem hlut eiga að máli** ⁽¹⁾ (þ.e. sá tími, sem kröfuhafi þarf að bíða eftir endanlegri ákvörðun, talið frá þeim degi þegar krafan var fyrst lögð fram hjá umsagnarstofnun).
5. Til að setja megi upplýsingarnar, sem er aflað, inn í framvinduskýrslurnar tvær sem tækninefndin lætur framkvæmdaráðinu í té í júní og desember árlega, væri hentugt ef gögnin bærust í maí og nóvember. Viðmiðunartímabilið gæti náð yfir næstliðna sex mánuði, þ.e. að upplýsingarnar, sem afhentar eru í maí, taki til nóvember til og með apríl og upplýsingarnar, sem afhentar eru í nóvember, taki til maí til og með október.
6. Í gögnunum, sem er aflað, skal eftirfarandi koma fram:
 - a) meðaltími, stysti tími og lengsti tími sem það hefur tekið umsagnarstofnun að senda ellilífeyriskröfu til þar til bærrar stofnunar á næstliðnum sex mánuðum;
 - b) meðaltími, stysti tími og lengsti tími sem það hefur tekið þar til bæra stofnun á síðastliðnum sex mánuðum að komast að endanlegri ákvörðun um ellilífeyri þegar kröfuhafi er búsettur í öðru aðildarríki;
 - c) stutt greinargerð frá þar til bæru stofnuninni til að skýra samhengi gagnanna og varpa ljósi á það hvaða þættir hafa stuðlað að því að stytta eða lengja uppgjörstíma krafanna;
 - d) stutt skýring þar til bæru stofnunarinnar á aðferðafræðinni sem notuð var, hvort tekið var úrtak eða ekki, stærð úrtaks, tímabil sem gögn tóku til, heildarfjöldi skráa sem rannsakaðar voru o.s.frv.
7. Gagnaöflun skal hefjast í janúar 2001, þar sem kostur er, svo að fyrstu gögn verði lögð fyrir tækninefndina í maí 2001.
8. Hvert aðildarríki leggur gögn sín fyrir tækninefndina til þess að miðla reynslu og upplýsingum um bestu framkvæmd.
9. Kerfið, sem notað er við öflun og nýtingu gagnanna, skal endurskoðað í lok hvers árs og gerðar tillögur til umbóta ef þörf krefur.
10. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún öðlast gildi 1. janúar 2001 og skal gilda um fimm ára skeið en vera endurskoðuð að því loknu.

Jean-Claude FILLON

formaður framkvæmdaráðsins.

⁽¹⁾ Þýska sendinefndin telur að heildartíminn, sem meðferð kröfu tekur, skipti sköpum og fer fram á það við aðildarríkin að þau tilgreini heildartímam þegar Þýskaland er annars vegar.